

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

12.fundur haldinn í skólanum mánudaginn 16. maí 1977 kl. 21⁰⁰.

Fundinn sóttu:

1. Gunnar Sveinsson
2. Guðrún Sigurðardóttir
3. Guðjón Kristjánsson
4. Eggert Ólafsson
5. Jón Hólmgeirsson
6. Ingvar Jóhannsson
7. Hreinn Ásgrímsson
8. Hón Böövarsson
9. Ingólfur Halldórsson

Þetta gerðist:

1. Skólaslit: Skólaslit fara fram í Félagsheimilinu Stapa laugardaginn 21. maí kl. 14. Val námsáfanga fyrir haustönn fer einnig fram á sama stað að loknum skólaslitum. Skólameistara og yfirkennara var falið að skipuleggja athöfnina.
2. Fjölvísir og skólaskýrsla: Stöðugt hefur verið unnið að gerð nýs Fjölvísis í samráði og samvinnu við Flensborgarskóla. Hefur samhæfing allra námsbrauta verið höfð sem meginsjónarmið við samningu þessa. Samþykkti skólanefnd einróma að láta offsetprenta Fjölvísi í 700 eintökum hjá Grágás h/f. Skólaskýrsla: Skólanefnd samþykkir að láta vinna og gefa út í haust starfsskýrslu skólans. Skal hún veita upplýsingar um allt innra starf skólans, nemendaskrá, kennaratal, félagsstörf og fleira.
3. Innritunargjald: Skólanefnd samþykkir að leggja á nemendur innritunargjald við skráningu í skólann. Skal það verða kr.1000 á nem. fyrir næsta skólaár. Verði það notað til að standa undir kostnaði við útgáfu "Fjölvísis" og "Blaðsins"
4. Kennararáðningar: Skólameistari kvaðst telja allar líkur á að nemendafjöldi skólans myndi a.m.k. tvöfaldast á næsta skólaári. Væru nemendur skólans nú um 240 en búast mætti við að hún yrði um 470 á næstu önn. Nú brautskrást frá skólanum um 40 nem. Búast má við að um 20 hætti námi, þannig að eftir verða um 180 nemendur. Á Suðurnesjum munu um 360 nem. ljúka grunnskólaprófi á þessu vori. Má búast við að um 80% komi í

skólann eða alls um 290 nem., þannig að heildar fjöldinn verði um 470 nemendur. Greinilegt virðist því að þörf verði fyrir 35-40 kennara. Ráðning þeirra er þó verulega háð námsvali nemenda. Þó mun vanta kennara í flestar greinar. Flestir kennarar skólans hafa áhuga á að starfa áfram við skólann. Skólanefndin mælir eindregið með því að eftirtaldir kennarar verði endurráðnir að skólanum næsta skólaár:

Alexander E. Valdimarsson	í hálfa stöðu
Axel Nikolaíson	
Gizur Í. Helgason	
Gísli K. Sigurkarlsson	í hálfa stöðu
Gunnar Bergmann	
Jón F. Hjartarson	
Magnús H. Gíslason	
Magnús Ó. Ingvarsson	
Maja Loebell	
Óskar Jónsson	
Patricia Ann Aylett	
Sigmundur Böðvarsson	
Sigríður Bílddal	
Sigrún R. Þorsteinsdóttir	
Sigurður Erlendsson	
Stefán G. Karlsson	
Agir Sigurðsson	

5. Húsnæðismál: Skólanefnd felur Gunnari Sveinssyni að fella úr gildi samning um leigu Skátaheimilis í Keflavík, þó með þeim fyrirvara að möguleiki verði á að fá húsnæðið í haust, verði þess þörf. Skólameistari taldi allar horfur á að 5-7 kennslustofur væni til viðbótar næsta haust. Væri því nauðsynlegt að leita samninga um leigu á neðri hæð hinnar nýju álmu Gagnfræðaskólans. Var skólameistara og skólanefndarformanni falið að kanna þá möguleika.

6. Skólaakstur: Var skólanefnd sammála um að kanna hvort menntamálaráðuneytið óskaði eftir einhverjum breytingum á akstursfyrirkomulagi áður en gengið verður frá samningum fyrir næsta skólaár.

7. Nýjar námsbrautir: Fundur verður haldinn þann 17. maí með Loftferðaeftirliti og þar til kjörinni nefnd skólans um möguleika

á stofnun flugliðabrautar. Verði kostnaðarhlið málsins þá vandlega könnuð. Verði unnt að koma þessari braut á, án mikils tilkostnaðar, skal stefnt að stofnun hennar.

Tréiðnaðarbraut: Skólameistari og yfirkennari fóru á fund Iðnaðarmannafélags Suðurnesja. Voru menn sammála á þeim fundi um að skilyrði þess að koma slíkri braut upp sé að trésmíðaverkstæði fáiist til afnota við kennsluna. Við skoðana-könnun sýndu 20 nemendur þessari braut áhuga. Samþykkti skólanefnd að auglýsa eftir verkstæði á leigu eða kennsluðstöðu á verkstæði.

Fiskvinnslubraut: 8 nemendur hafa sýnt þeirri braut áhuga. Skólameistari taldi möguleika á að bóklegt nám færi fram í skólanum á fyrri önn, en verknámið í Fiskvinnslustöð Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði á síðari önn. Hefði Ingólfur kannað þann möguleika og fengið góðar undirtektir.

8. Skólameistari lagði fram rekstraráætlun skólans sem samþykkt var með smávægilegum breytingum(sjá fylgiskjal með fundarferð)

9. Formaður og skólameistari sátu fund SSS fyrir skömmu. Ræddu þeir þar væntanlegar byggingarframkvæmdir skólans, svo og byggingu íþróttahúss í Keflavík. Varð niðurstaða þeirra umræðna sú að fundarmenn töldu stefnt í rétta átt í málefnum skólans og töldu að sveitarfélögin myndu reyna að standa við sinn hluta þess kostnaðar sem byggingarframkvæmdunum fylgdi. Þó yrði að fá samþykki sveitarstjórna fyrir þeim. Formaður og skólameistari kváðust vera bæjar-og sveitarstjórum þakklátir fyrir góðan skilning á málefnum skólans.

10. Tilkynningar:

1. Skólameistari upplýsti að ríkissjóður hefði greitt allan sinn kostnað af skólalahaldi ársins 1976.

2. Arkitektar eru að gera líkan af skólasvæði (sbr. síðustu fundargerð). Verður það að öllum líkindum tilbúið 26. maí n.k. Undirnefnd Fjarveitinganefndar hefur samþykkt að halda fund með skólanefnd um byggingarmál skólans síðar í þessum mánuði. Samþykkt var að þeir skólanefndamenn sem þess eiga kost sækja fundinn.

3. Tölvuvinnsla: Skólameistari taldi yfirgnæfandi líkur á að tölvuvinnsla áfangakeffis komist á í haust.

11. Önnur mál: Ingvar Jóhannsson spurði hvort ekki væri rétt að setja einhverjar reglur um aga og framkomu fyrir skólann. Var samþykkt að fela skólameistara og yfirkennara að semja slíkar reglur og láta prenta þær í Fjölvísi.

Fleira var ekki á dagskrá og slétt formaður fundi kl. 23⁴⁰.

Fundarritari

Hreinn Ásgrímsson.